



Stjórn málaályktun Reykjavíkurbings

Reykjavík – borg tækifæranna

Reykjavík, sem höfuðborg, á að vera borg tækifæranna þar sem fjölskyldur, atvinnulíf, menntun og frelsi einstaklinga mynda traustan grunn til bættra lífskjara. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill ábyrga fjármálastjórn, lágar álögur, skilvirkt regluverk og öfluga grunnþjónustu þar sem þjónusta er skipulögð í þágu borgarbúa, ekki kerfa.

Samgöngu-, skipulags- og umhverfismál

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill stórauka þann tíma sem borgarþátttakendur geta varið með fjölskyldunni - einn samgöngumáti á ekki að útiloka annan. Þess vegna þarf öflugt samgöngukerfi þar sem umferðartafir eru lágmarkaðar. Tryggja þarf öruggar leiðir fyrir gangandi og hjólandi. Gera þarf almenningssamgöngur að raunhæfum kosti. Endurskoða þarf samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá grunni.

Lausn umferðarvandans felst ekki í umferðarþrengingum eða tafagjöldum. Beita þarf nýjustu tækni í snjalllausnum við umferðastýringu. Ráðast þarf í flýtiframkvæmdir á stofnvegum með það að markmiði að bæta umferðarflæði. Hættulegustu og umferðarþyngstu gatnamót stofnæða verði gerð mislæg. Flýta þarf Miklubrautargöngum og Sundabraut.

Nýjum stofnæðum höfuðborgarsvæðisins verði komið fyrir neðanjarðar í jarðgöngum í einkaframkvæmd.

Leggja þarf áherslu á uppbyggingu nýrra byggingarsvæða samfara hóflegri þéttingu byggðar í samræmi við þá byggð sem fyrir er og að hún sé framkvæmd þannig að sem minnst röskun verði á lífsgæðum íbúa sem fyrir eru.

Stórauka þarf framboð íbúðalóða, styðja við séreignastefnuna, rýmka reglur um bílastæði og afnema ákvæði aðalskipulags um hámarksfjölda þeirra. Lækka þarf gjöld á bílastæði.



Tryggja þarf fjölbreytt framboð húsnæðis fyrir ungt fólk, fjölskyldur og eldri borgara. Standa þarf vörð um Elliðaárdal, Laugardal og önnur græn svæði s.s. friðlandið í Grafarvogi og ósnortna strandlengju innan borgarmarkanna. Þá þarf að bæta hreinlæti, sorphirðu og draga úr svifryki.

Reykjavíkurflugvöllur á að vera áfram í Vatnsmýri.

Skóla- og frístundamál

Jöfn tækifæri eru leiðarstef sjálfstæðisstefnunnar. Í því felst að hvorki efnahagur né félagsleg staða hafi áhrif á tækifæri barna til að blómstra og dafna. Skólakerfið er lykillinn að því að byggja upp sterkt efnahagslíf til framtíðar.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á öfluga leik- og grunnskóla þar sem börn ná tökum á grunnfærni í að lesa, skrifa og reikna. Mikilvægt er að lesskilningur sé í fyrirrúmi svo börn geti lesið sér til gagns. Þá verði áhersla lögð á öflugt frístundastarf í þeirri viðleitni að efla félagsfærni, lýðheilsu og forvarnir. Tryggja þarf öruggar ferðaleiðir milli skóla, íþrótta- og tómstundastarfs ásamt góðri aðstöðu í öllum hverfum borgarinnar.

Leysa þarf mönnunarvanda leikskólanna með þarfir fjölskyldna í fyrirrúmi og stytta biðtíma eftir leikskólaplássi. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á fjölgun sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Fjármunir skulu fylgja barni óháð rekstrarformi og samræmdar gjaldskrár tryggja raunverulegt valfrelsi foreldra óháð efnahagslegri stöðu fjölskyldunnar.

Samræmd próf verði tekin upp á ný í grunnskólum Reykjavíkur, einkunnakerfi á kvarðanum 0–10 verði endurvakið og PISA-niðurstöður einstakra skóla verði birtar opinberlega. Eins verði lögð áhersla á símalausa skóla til að efla einbeitingu og félagsfærni.

Koma þarf betur til móts við bæði börn og starfsfólk sem hafa ekki íslensku að móðurmáli með markvissu átaki í íslenskukennslu.



Velferðarmál

Í velferðarmálum er lykilmarkmið að byggja sterkari borg og manneskjulegra samfélag þar sem lýðheilsa, félagslegt öryggi og geðheilbrigði eru í forgrunni. Tryggja þarf að lýðheilsusjónarmið ráði för í skipulagi borgarinnar, með góðu aðgengi að þjónustu, útivist og hreyfingu.

Leggja þarf aukna áherslu á snemmtæka íhlutun í tilviki barna og ungmenna í félagslegum vanda.

Í málaflokki fólks með fötlun er lögð áhersla á valdeflingu, fjölbreytt búsetuúrræði og styttri biðlista eftir NPA og sértækum úrræðum. Endurskoða þarf hlutverk Félagsbústaða. Sjálfstæðisflokkurinn vill auðvelda fólki í félagslegu húsnæði að eignast eigið húsnæði.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að eldri borgarar eigi kost á öflugri heimaþjónustu og félagsstarfi. Nauðsynlegt er að tryggja greitt aðgengi þeirra að sundlaugum borgarinnar og annarri hreyfingu.

Fjármál borgarinnar

Traust fjármál eru grunnstoð höfuðborgar sem vill standa sterk, vaxa og veita íbúum sínum bestu þjónustu sem völ er á.

Markmið Sjálfstæðisflokksins er einmitt það, en um leið að létta skattbyrði borgarbúa og gera fasteignagjöld samkeppnishæfari. Sjálfstæðisflokkurinn vill skapa traustan grundvöll fyrir fjölskyldufólk og tryggja að borgin standi með fólki í stað þess að leggja á það stöðugt þyngri byrðar. Það er óverjandi að stærðarhagkvæmni höfuðborgarinnar sé ekki nýtt og að taprekstur og skuldasöfnun haldi stöðugt áfram.

Sjálfstæðisflokkurinn vill vinda ofan af þessari þróun, taka til í miðlægri stjórnsýslu, draga úr miðstýringu og greiða niður skuldir sem ýtir undir sjálfbæran rekstur og lækkun skuldahlutfalls.



Útgjöld borgarinnar þurfa að vera skilgreind á skýran hátt þannig að ljóst sé hvað fellur undir lögbundna þjónustu, hvað tilheyrir kjarnastarfsemi og hvað fellur undir gæluverkefni. Fjármunum þarf að forgangsraða til þess sem skiptir mestu máli fyrir borgarbúa, meðal annars barna, velferðar og grunninnviða.

Gagnsæi og ábyrgð eiga að vera leiðarstef í rekstri borgarinnar. Með rauntímagögnum, skýrum og mælanlegum markmiðum og faglegri ákvarðanatöku eflum við reksturinn og traust borgarbúa á honum. Reykjavík á ekki að halda úti rekstri sem einkaaðilar geta sinnt betur og á hagkvæmari hátt. Borgin á að velja þær lausnir sem nýtast fólki best.

Með þessum aðgerðum má byggja sterka, hagkvæma og þjónustumiðaða höfuðborg sem skilar áþreifanlegum ávinningi fyrir fólkið sem í henni býr og landsmenn alla.

Atvinnuvega- og nýsköpunarmál

Reykjavík á að vera fyrirtækjavæn borg þar sem hófleg skattheimta, einfalt regluverk og traustir innviðir styðja við öflugt atvinnulíf. Einfalda þarf leyfisferla, samræma kröfur borgarinnar, stytta afgreiðslutíma þannig að Reykjavík sé augljós kostur fyrir smærri fyrirtæki, frumkvöðla og fjárfesta.

Lægri skattheimta, skilvirkt borgarskipulag og góðar samgöngur fyrir almenningsfarartæki og einkabíla eru lykilatriði fyrir uppbyggingu atvinnulífs í borginni á næstu áratugum. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að umbylta stefnu núverandi meirihluta sem hefur knúið fyrirtæki, af öllum stærðum og gerðum til að flytja starfsemi sína út fyrir borgarmörkin.

Eftir áratuga langt stopp í orkuöflun þarf Orkuveita Reykjavíkur að vera leiðandi þegar kemur að grænni orkuöflun næstu árin. Orkuskortur hefur þegar kostað þjóðarbúið marga milljarða í útflutningstekjur.



Ferðaþjónustan er sterkasta stoð atvinnulífs í Reykjavík og hefur bein áhrif á tekjur, atvinnu og lífsgæði borgarbúa. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að ferðaþjónustan verði áfram stuðningur við nýsköpun, fjölbreytt atvinnulíf, menningu, listir og lifandi borgarmenningu.

Sjálfstæðisflokkurinn mun koma Reykjavík í fremstu röð meðal borga í tækniframþróun. Hugverkaiðnaður sem byggir á nýsköpun hefur vaxið hratt undanfarin ár. Reykjavíkurborg þarf að styðja við þessa starfsemi m.a. með því að útvista verkefnum á sviði stafrænnar þróunar, en einnig með fjárhagslegum hvötum.

Sjálfstæðisflokkurinn vill virkja hugvitið til hagvaxtar í Reykjavík og skapa þannig tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki til að sinna frumkvöðlastarfi. Sjálfstæðisflokkurinn mun leggja áherslu á að hugverkaiðnaður geti orðið stærsta atvinnugreinin í Reykjavík.

Menningar-, íþrótt- og tómstundamál

Íþróttir, sund og tómstundir eru lykilþættir í lýðheilsu og forvörnum. Tryggja þarf gott aðgengi barna og ungmenna að íþróttastarfi í öllum hverfum og bæta aðstöðu íþróttafélaga. Sinna þarf við haldi og endurnýjun sundlauga og íþróttamannvirkja. Vinna þarf markvisst að uppbyggingu þjóðarleikvangs og þjóðarhallar á hagkvæmum og raunhæfum forsendum.

Reykjavík á að vera lifandi menningarborg þar sem bókasöfn, menningarstofnanir og grasrótarmenning mynda sterka heild. Bókasöfn eru lykilinnviðir fyrir læsi og íslenskukunnáttu, ekki síst meðal barna og innflytjenda. Stuðningur við listafólk og menningarverkefni á að vera gagnsær og faglegur. Skapandi greinar eru enda drifkraftur í atvinnusögu og ímynd borgarinnar.

Einnig gegna skapandi greinar lykilhlutverki í uppeldi, forvörnum, lýðheilsu og félagsþroska barna og ungmenna. Slíkt starf er mikilvægur þáttur í því að stuðla að jöfnum tækifærum og eflingu félagslegra tengsla barna með fjölbreyttan bakgrunn. Því þarf að tryggja aðgengi barna og ungmenna að listum og menningu í Reykjavík.

Samþykkt á Reykjavíkurbíngi, 22. nóvember 2025